

14. október 2021

Kirkjuþing 2021-2022

Umsögn um 26. mál kirkjuþings

Ágæta kirkjuþing. Ég leyfi mér að gera eftirfarandi athugasemdir við 26. mál. Auk þess tek ég undir flestar þær athugasemdir sem fram hafa komið hjá öðrum.

1. „Kjör ykkar munu ekki versna“, „Enginn mun lækka í launum“. Hversu oft var hamrað á því í aðdraganda þeirra breytinga sem áttu sér stað þegar prestar fóru að fá laun sín greidd í gegnum ÞB í stað Fjársýslu ríkisins?
2. Engin stétt getur fallist á kjaraskerðingu eins og hér er boðuð.
3. Sé það vilji Kirkjuþings (ÞB) að sóknarbörn þurfi ekki að greiða fyrir þá prestsþjónustu sem þau greiða fyrir nú þegar, er auðvitað velkomið að finna annan greiðanda eins og t.d. ÞB en ekki að láta prestana „borga brúsann“. Mér finnst þessi tillaga í raun lítilsvirðandi þegar engin tillaga fylgir um hver greiðir fyrir prestsverkin í staðinn.
4. Í greinagerðinni segir m.a.: „*Vígð þjónusta kirkjunnar á ávallt að vera grundvölluð á kristilegum kærleika og sem mest án hindrana fyrir fólk. Það er tímaskekkja og fráhrindandi ásýnd kirkjulegrar þjónustu að prestur sem þjónar fólk á gleði- og sorgarstundum sendi viðkomandi síðan reikning vegna þjónustu sinnar. Þetta dregur mjög úr trúverðugleika kirkjulegrar þjónustu. Einkum er þetta slæm birtingarmynd þegar um efnalítið fólk er að ræða.*“

Prestsþjónusta er launuð atvinna okkar sem henni sinnum. Kristilegur kærleikur er ekkert minni í þjónustunni þó prestur fái laun fyrir. Launin hafa verið byggð upp með ákveðnum hætti í mjög langan tíma, annars vegar föst laun frá launagreiðanda og hins vegar þóknun vegna prestsverka sem prestur innheimtir sjálfur. Það er blaut tuska í andlitið að slengja svona tillögu fram. Eðlilegra hefði verið að ganga skemmra og samþykkja að taka upp samtal við prestafélagið um nýjan farveg á þessum málum og með hvaða hætti það kemur þá inn í kjarasamninginn þegar hann verður næst endurnýjaður.

Örstutt er síðan prestar þurftu að fara að senda aðstandendum reikning vegna útfara. Það var stórt skref aftur á bak. Þóknun fyrir útfarir var í mjög góðum

farvegi í gegnum KGSÍ. Á gleðistundum þykir fólki sjálfsagt að greiða fyrir einkaatafnir í heimahúsum, kirkjum eða á öðrum stöðum s.s. fyrir skírnir og hjónavígslur. Oft hef ég heyrt fólk furða sig á því hve lítið er rukkað fyrir einka skírnarathöfn. Þóknunin fyrir hjónavígslur er lítið hærri heldur en samanlagður kostnaður við hjúskaparstöðuvottorð og fæðingarvottorð hjónaefna. Ekki er mér kunnugt um að prestar gangi hart eftir rukkun ef um efnalítið fólk er að ræða. Margir prestar taka það fram við fólk að velkomið sé að fá afslátt eða niðurfellingu. Auk þess hefur það legið fyrir lengi að ókeypis er að skíra við messu. En þrátt fyrir að það sé ókeypis er undantekning að fólk nýti sér það. Greiðslan til prestsins fyrir fermingarfræðsluna er u.þ.b. 2500 krónum hærri en kransakaka fyrir 30 manns sem borðuð er á hálf tíma. Oftast er það nú svo að fólki finnst eðlilegt að greiða fyrir sérstaka þjónustu sem það þiggur enda telur fólk verðmæti fólgin í þeirri þjónustu.

5. **LÍKLEGAR AFLEIÐINGAR.** Gera má ráð fyrir því að ef þessi tillaga nær fram að ganga megi búast við verulegri þjónustuskerðingu. Ég er þess fullviss að prestar verði ekki eins fúsir til að sinna þeim prestsverkum sem beðið er um á þeim tímum sem fólk óskar helst. Reynt verður að stýra skírnum sem mest inn í messurnar eða bjóða bara uppá sérstakar skírnarmessur reglulega. Prestar verða ekki eins fúsir að þeysast á milli staða, heimila, veislusala eða kirkna til að mæta óskum fólks um einkaatafnir. Hér á ég einkum við skírnir. Þá mun skírnum vafalaust fækka. Hver segir að hjónavígsla þurfi endilega að vera á laugardegi? Er ekki bara sjálfsagt að bjóða uppá hjónavígslur á dagvinnutíma, nú eða strax eftir messu á sunnudegi?
6. **STYRKLEIKAR ÍSLENSKU KIRKJUNNAR.** Einn af styrkleikum kirkjunnar eru persónuleg tengsl presta við þá sem þiggja prestsþjónustu. **ÞAÐ ERU VERÐMÆTI SEM ÉG HVET KIRKJUÞING TIL AÐ GLUTRA EKKI NIÐUR MEÐ ÁKVÖRDUNUM SÍNUM.** Þetta getur auðvitað reynt á og mikilvægt að styðja presta í að setja mörk til að standa vörð um frítíma, einkum þar sem athafnaþungi er mikill. Ég leyfi mér að flokka sóknarbörn í fjóra flokka. A) Innsti kjarni sem telur sóknarnefndir, starfsfólk og sjálfboðaliða. B) Virki hlutinn sem eru hinir trúföstu kirkjugestir sem sækja reglulegt kirkjustarf og helgihald. C) Hópurinn sem tengist kirkjunni sinni/prestinum sínum í gegnum ævihátíðir s.s. skírnir, fermingar, fermingarfræðslu, hjónavígslur og útfarir en leitar að öðru leiti ekki til kirkjunnar. Þessi hópur er ekkert upptekin af sóknarmörkum. D) Hinn þögli

meirihluti sem er meðlimur í kirkjunni en lætur sér fátt um finnast, sækir ekki þjónustu en mætir e.t.v. í fyrrnefndar athafnir sé tilefni til.

7. Prestsembættið er þjónustuhlutverk. Presturinn er þjónn. En hann er líka metinn að verðleikum. Prestsþjónustan er alveg einstakt starf sem gerir mjög miklar kröfur til þeirra sem gegna þeirri þjónustu. Margt af því sem við gerum snertir stærstu stundir fólks í gleði sem sorg. Þó ég gleymi nafni skírnbarns gærdagsins þá man fjölskyldan eftir athöfninni alla ævi. Þó ég muni ekki hvað ég sagði nákvæmlega við kistu látins ástvinar man fjölskyldan það alla ævi. Verðmæti prestsþjónustunnar er ekki talið í krónum og aurum en heldur ekki í klukkustundum eða dögum. Við viljum reynast fólki vel og mæta því eins og okkur er frekast unnt. Við höfum valið okkur þessa þjónustu oftast vegna einhverrar köllunar. En þessi þjónusta er einnig okkar lifibrauð og er verðlögð m.t.t. menntunar, ábyrgðar og mikilvægis fyrir það fólk sem þiggur prestsþjónustuna.
8. Í lokin. Allar tillögur sem miða að því að skerða launakjör presta eru óásættanlegar.

Með vinsemi og virðingu, Sigurður Grétar Sigurðsson, Útskálaprestakalli